

Fundur 30.10.2023 Margrét Gunnarsdóttir dó fyrir ca. 40 árum í Reykjavík.

Góða kvöldið og komið þið öll sæl og blessuð.

*Já góða kvöldið og velkomin.*

Gleður það mig að komast í sambandið, mér var sagt að dr. Helgi vildi tala við ykkur hér á eftir en fundurinn hefur dregist svo að kannski kemst það samband ekki að.

En mér finnst það mikilsvert þegar hægt er að fá tækifæri til að tengjast gamla landinu og sleppi því ekki og var ég hér með erindi sem ég hef lauslega fylgst með því sem gerist í ykkar þjóðfélagi eins og mér er kostur og er ég þó ekki með eins mikla hæfileika og margir aðrir.

En mér þótti það koma mér við þar sem ég hef persónulega og afkomandi minn lent í svipuðum málum og þótti mér það einstakt tækifæri til að tala við fund ykkar og komast í samband við gömlu jörðina.

Það er nú fyrst hinn mikli efi sem grípur mann þegar maður kynnir sér þessi mál, því þótt maður standi á tveimur fótum í nýjum líkama, eru svo margar spurningarnar að það er langur vegur frá því að maður vogi sér að tala til ykkar á gamla landinu og jörðinni og hér eru mörg samtökin á þessari jörð okkar og hér eru ýmis konar hreyfingar og sjálfshjálpar hópar sem fólk stofnar og gengur í sér til eflingar og hjálpar vegna einhvers sem það hefur lent í í frumlífi eða þá hér og telur sig þurfa að vinna úr.

Og sumar af þessum grúppum leysast upp og aðrar taka við í staðinn, en það sem lítur að trúarbrögðum mannsins ristir djúpt í sálina og skiptir miklu máli og við höfum öll í okkur kærleika til að bera til náungans en tjáum hann með misjöfnum hætti og sum okkar eru haldin skapgerðarbrestum og meinsemdum af ýmsu tagi, andlegum og líkamlegum og hlutum sem þarf að vinna úr.

Og stundum komast menn í æðstu embætti sem eru dýrkaðir og tignaðir, en hafa í sér skapgerðar bresti sem þeir hefðu betur, sem þeir hefðu átt að vera búnir að vinna úr, áður en þeir komust í slík embætti.

Ég finn mig núna til að segja þessa sögu, þar sem ákveðið samviskubit hefur hrjáð mig, þar sem ég vildi ekki trúa ákveðnum hlutum í ákveðin tíma og hefur það nú komið upp á yfirborðið og tengist það atvikum hjá ykkur sem ég hef frétt um.

Og hef ég trú á því að það sé allt á réttri leið hjá okkur, en vona ég að ég geti sagt þessa sögu í kvöld.

Ég átti þrjú börn af fyrra hjónabandi, einn son af seinna hjónabandi og tengist þetta séra Friðrik og var hann að vísu dulur en lenti í ákveðnum vandamálum á þessum hnetti og hafði einnig tekið líf sitt á undan mér.

Er nokkuð síðan ég dó, bjó í Reykjavík, húsmóðir. Hefur hann unnið úr sínum málum hér og talið að þetta hafi eitthvað að segja en ekki allt, því hann var lagður í einelti og var lítill í sér.

Og eru þau samtök sem ég hér minntist á, nokkrir drengir sem töldu séra Friðrik hafa snert sig innan klæða í sérstöku, í þeirra starfi.

En hann var svo mikils metinn maður að það tók nokkuð langan tíma að leggja trúnað á það og sérstaklega ef þeir sem sögðu söguna voru ekki í sem bestri aðstöðu til þess.

Og fagna ég því mjög að það er allt á réttri leið og tel að búið sé að hjálpa þeim sem ég veit um á mínum hnetti, með þau mál, að mestu leiti, en vil ég þó taka það fram að ég hef heyrt um ljótari atvik af þessu tagi, sem tengd eru öðrum mönnum, en verst er þó þegar menn komast í þá stöðu í þjóðfélaginu að ekki megi gagnrýna þá.

Ætla ég ekki að hafa mál mitt mikið lengra að sinni, finnst mér gott að hafa talað út um þetta og veit að það verður honum til blessunar og öðrum sem hafa lent í þessum málum og,

*Getur þú sagt okkur hvað hann heitir?*

Nei, hann vill ekki að það komi fram, ég heiti Margrét, dó fyrir um það bil 30 árum.

*Hvers dóttir ert þú Margrét?*

Gunnarsdóttir, dó fyrir næstum fjörutíu árum síðan, ég ætla nú að kveðja ykkur, verið þið sæl og þakka ég fyrir og vona ég að þið munuð vinna úr þessu sem best, eins og við höfum reynt að gera, þakka ég fyrir mig og verið þið sæl og blessuð.

*Þakka þér fyrir og vertu blessuð og sæl.*